

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 -108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0207

Dags. 30.10.2014

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 207. mál á 144. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála


Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er tilgangur þess að koma á fót sameinaðri úrskurðarnefnd sem sé ætlað að leysa af hólmi alls níu kær- og úrskurðarnefndir sem starfa á málefnasviði velferðarráðuneytisins. Vegna fjölgunar sem orðið hafi á kærum til nefndanna og undirmönnunar hafi afgreiðslutími lengst og umboðsmaður Alþingis ítrekað gert athugasemdir við tafir á uppkvaðningu úrskurða. Með breytingu þessari sé stefnt að því að tryggja betur sjálfstæða, óháða og vandaða endurskoðun stjórnvaldsákvarðana innan ásættanlegs tíma.

Það kemur reyndar verulega á óvart sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að hingað til hafi almennir starfsmenn velferðarráðuneytisins starfað við undirbúning úrskurða viðkomandi úrskurðarnefnda. Þar sem úrskurðarnefndirnar þurfa oftast að úrskurða um störf ráðuneytisins eða undirstofnana þess vekja slík vinnubrögð talsverðar áhyggjur þar sem þau standast varla kröfur um réttláta málsmeðferð og vandaða stjórnarsýsluhætti. Samhliða þeirri breytingu sem lögð er til með frumvarpinu væri því ef til vill við hæfi að velferðarráðuneytið myndi tilkynna öllum sem hafa hlotið slíka málsmeðferð um breytinguna, og gefa þeim jafnframt kost á endurupptöku viðkomandi mála telji þeir sig hafa ástæðu til að ætla að meðferð þeirra hafi verið ábótavant.


Hagsmunasamtök heimilanna styðja þá breytingu sem lögð er til með frumvarpinu heilshugar, enda er engin vanþörf á miðað við upplýsingar sem samtökin hafa fengið frá aðilum sem hafa í fjölda tilvika mátt bíða lengi eftir því að mál þeirra verði afgreidd og úrskurðað um þau. Gangi þessar fyrirætlanir eftir þannig að það leiði til skjótari og betri afgreiðslu kærumála, ber að fagna því.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is